

**BORGARRÁÐ 22. september 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um könnun á ánægju með störf aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks – MSS22090167**

Lagt er til að borgarráð samþykki að láta fara fram könnun hjá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks á ánægju þeirra með störf aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur í málefnum fatlaðs fólks.

**Greinargerð:**

Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið hugsi yfir starfi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks og þá helst hvernig hún er að að virka. Nefndin fer með verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga ásamt verkefnum ferlinefndar sem áður var starfandi hjá sveitafélaginu. Um er að ræða lögbundin verkefni en aðgengispátturinn er með fókus á þjónustu við fatlað fólk. Ekki er víst að þessir tveir vinklar eigi heima undir sama hatti auk þess sem nefndin er nú orðin frekar stór. Vel kann að vera að margt gangi mjög vel í nefndinni t.d. eru allar umsagnir unnar af fulltrúum hagsmunasamtaka. Það sem fulltrúa Flokks fólksins finnst ábótavant er að fulltrúar hagaðila hafa ekkert dagskrárvald í nefndinni, þótt samráð sé þannig að hlustað sé á alla þá er fulltrúi Flokks fólksins ekki viss um hvort það samráð nái að hafa áhrif á ákvarðanatöku. Dreifa þarf valdi í nefndinni ef vel ætti að vera. Þess vegna er lagt til að kannað verði með viðhorf og ánægju með nefndina og fyrirkomulag hennar.